

Hafnarfirði, 2. nóvember 2023

Breyting á deiliskipulagsmörkum fyrir Hvaleyri

Tillagan felst í að mörk skipulagssvæðisins breytast vegna breytinga á deiliskipulagsmörkum álversins í Straumsvík. Skipulagssvæðið minnkar þannig að vegtenging frá Reykjanesbraut að dælu- og hreinsistöð fellur út úr deiliskipulagi Hvaleyrar, en verður þess í stað innan deiliskipulags álversins í Straumsvík eftir breytingu þessa. Minnkun skipulagssvæðisins er um 2500m². Umsagnir frá stofnunum bárust:

1. Náttúrufræðistofnun 30. október 2023.

Engar athugasemdir

2. Veitur 1. október 2023

Engar athugasemdir

3. Umhverfisstofnun 29. September 2023

Engar athugasemdir

4. Heilbrigðiseftirlitið dags. 30. október 2023

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við þá breytingu að færa til mörk skipulagssvæðisins, en vekur athygli á að verulega er þrengt að dælu- og hreinsistöðinni í Hraunavík samkvæmt þessum tillögum. Huga þarf að framtíðarlausn fyrir stækkun hreinsistöðvarinnar í samræmi við auknar kröfur um hreinsun og hvernig skipulagsyfirvöld í Hafnarfirði ætla að haga fráveitumálum til framtíðar.

Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs

Hvað varðar hlutverk hreinsistöðvar í Hraunavík kemur fram hjá Guðmundi Elíassyni, umhverfis- og veitustjóra að Vatnsveita Hafnarfjarðar að hann sé meðvitaður um stækka þurfi hreinsistöðina en þessi breyting á skipulagsmörkum hefur ekki áhrif á þær framkvæmdir.

Berglind Guðmundsdóttir

Landslagsarkitekt FÍLA

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2